



## Auglýst er eftir umsóknum í Menningarsjóð Akureyrar fyrir árið 2019

### Samstarfssamningar

Verkefni sem stuðla að fjölbreyttu menningarlífi á Akureyri. Hægt er að sækja um samstarf til eins, tveggja eða þriggja ára í senn.

Upphæðir samstarfssamninga geta verið á bilinu  
**100.000 - 800.000 kr.**

### Verkefnastyrkir

Verkefni sem auðga menningarlífið í bænum, hafa ákveðna sérstöðu og fela í sér frumsköpun.

Styrkir eru að upphæð **50.000 - 300.000 kr.** Einnig verður úthlutað **tveimur styrkjum** að upphæð **600.000 kr.** til stærri verkefna í tengslum við Jónsmessuhátíð, Listasumar eða Akureyrvöku.

Umsóknarfrestur samstarfssamninga og verkefnastyrkja er til og með 6. febrúar 2019

### Starfslaun listamanna

Umsóknir skulu innihalda greinargóðar upplýsingar um hvernig starfslaunatíminn verður notaður, listferil og menntun.

Árið 2019 eru veitt starfslaun að upphæð **2.700.000 kr.** sem dreifast jafnt yfir 9 mánuði. Öllum með lögheimili á Akureyri er heimilt að sækja um í eigin nafni.

### Sumarstyrkur ungra listamanna

Stjórn Akureyrarstofu hefur ákveðið að í ár verði úthlutað **1-2 styrkjum** til ungs og efnilegs listafólks á aldrinum **18-25 ára** sem er í framhaldsnámi eða á leið í framhaldsnám í sinni grein.

Upphæð hvers styrks verður **600.000 kr.** og markmiðið er að viðkomandi geti dregið úr sumarvinnu með námi og þess í stað lagt stund á list sína bæði með æfingum og viðburðum.

Á móti styrknum mun viðkomandi koma fram á viðburðum á sumaráttum bæjarins, allt eftir nánara samkomulagi við Akureyrarstofu hverju sinni.

Umsóknarfrestur starfslauna og sumarstyrkja er til og með 13. febrúar 2019

## Hagnýtar upplýsingar

Við úthlutun er litið til fjölbreytileika í starfsemi, aldurs þátttakenda, jafnréttis og sýnileika.

Upplýsingar um reglur Menningarsjóðs, Samþykkt um starfslaun listamanna og Menningarstefnu Akureyrar má sjá á heimasíðu Akureyrarbæjar: <https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/reglur-og-samthyktir/menningarmal>

Sótt er um í gegnum íbúagátt Akureyrarbæjar undir flípanum umsóknir: <https://ibuagatt.akureyri.is>

Nánari upplýsingar veitir Almar Alfreðsson verkefnastjóri menningarmála í netfanginu [almara@akureyri.is](mailto:almara@akureyri.is)

